

Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2001

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu**


Stjórn félags háls-, nef- og eyrnalækna hefur fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Almenn ánægja er með breytingartillögurnar og þær taldar vera til bóta fyrir málaflokkinn og þá sem þurfa á þjónustu Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands að halda. Það er talinn styrkur að fella löginn inn í lög um heilbrigðisþjónustu.

Stjórn félags háls-, nef- og eyrnalækna telur tilkomu fagráðs vera jákvæða og bendir jafnframt á mikilvægi þess að tryggja breidd í þekkingu þeirra sem þar munu sitja. Stjórn félags háls-, nef- og eyrnalækna telur afar mikilvægt að lagabreyting sú sem framundan er, muni gera það að verkum að þjónusta við heyrnarlausla, heyrnarskerta og þá sem eru með talmein verði bætt. Miklu skiptir að aðföng til stöðvarinnar svo og vinnuaðstaða verði með þeim hætti að svo megi verða. Stjórn telur jafnframt að vanda þurfi orðaval í nýjum lögum til að koma í veg fyrir misskilning og rangtúlkunir.

Stjórn félags háls-, nef- og eyrnalækna mælir með því að frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu, Heyrnar- og talmeinstöð verði samþykkt.

Við erum að sjálfsgöðu fús til að mæta á fund heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Júlíusson  
fyrir hönd stjórnar

Ingibjörg Hinriksdóttir  
formaður

Sigurður Júlíusson  
gjaldkeri

Þórir Bergmundsson  
ritari